

Ed.

104. Frumvarp til laga

[90. mál]

um iðjubjálfun.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977).

1. gr.

Rétt til að starfa sem iðjubjálfi hér á landi og kalla sig iðjubjálfa hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkv. 1. gr. skal veita þeim íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa prófi við skóla, sem viðurkenndur er fullkominn iðjubjálfastkóli af heilbrigðisstjórn þess lands, sem námið er stundað í. Leita skal umsagnar stjórnar námsbrautar í iðjubjálfun við Háskóla Íslands og landlæknis, áður en leyfi er veitt.

3. gr.

Nú uppfyllir maður skilyrði 2. gr. að öðru leyti en því, að hann hefur ekki íslenskt ríkisfang, og er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tíma- bundið leyfi til þess að stunda iðjubjálfun, enda hafi stjórn námsbrautar í iðjubjálfun við Háskóla Íslands og landlæknir mælt með leyfisveitingunni.

4. gr.

Iðjubjálfi starfar við hæfingu og endurhæfingu sjúkra og heilbrigðra sem fólgin er í þjálfun, fræðslu og kennslu.

5. gr.

Ekki má iðjubjálfi taka sjúkling til meðferðar án samráðs við lækni.

6. gr.

Óheimilt er að ráða til hvers konar iðjubjálfastarfa aðra en þá, sem starfs- leyfi hafa skv. 2. eða 3. gr.

7. gr.

Iðjubjálfa er heimilt að hafa sér til aðstoðar fólk, sem ávallt skal starfa á ábyrgð og undir handleiðslu hans. Aðstoðarfólk þetta hefur ekki heimild til að taka að sér sjálfstætt verkefni á neinu sviði, sem undir iðjubjálfun fellur.

8. gr.

Iðjubjálfa ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar, er varða iðjubjálfun.

9. gr.

Sérhverjum iðjubjálfa er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum eða eðli málsins. Sama þagnarskylda hvílir á öllu aðstoðarfólki iðjubjálfa og helst þagnarskyldan þótt viðkomandi láti af starfi.

10. gr.

Verði landlæknir þess var, að iðjuþjálfari vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bága við fyrirmæli laga eða heilbrigðisyfirvalda, skal hann áminna viðkomandi. Nú kemur áminning ekki að haldi og ber þá landlækni að kæra málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað, að viðkomandi skuli sviptur starfsleyfi, en skjóta má þeim úrskurði til dómstóla.

11. gr.

Um iðjuþjálfna gilda að öðru leyti, eftir því sem við getur átt, reglur laga um lækningaleyfi, réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar. Reglur laga um þessi efni gilda um refsingu vegna brota iðjuþjálfna, um sviptingu starfsleyfis og um endurveitingu leyfis.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

12. gr.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þar til námsbraut í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands tekur til starfa skal leita umsagnar Iðjuþjálfafélags Íslands um þau atriði, sem stjórn námsbrautar í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands er ætlað að fjalla um í lögum þessum.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er samið og flutt að ósk Iðjuþjálfafélags Íslands, en það félag var stofnað í mars 1976 og munu félagar þess nú vera um tuttugu.

Frumvarpið er efnislega samhljóða lögum 58 31. maí 1976 um sjúkraþjálfun enda er hér um að ræða hliðstæðar stéttir, þótt menntun sé önnur og störfin þar af leiðandi heldur ekki þau sömu.

Iðjuþjálfun varð til sem starfsgrein á árum fyrri heimsstyrjaldar. Starfið er þáttur í endurhæfingu andlega eða líkamlega sjúkra. Með ýmiss konar vinnu og þjálfunaraðferðum er reynt að hindra, draga úr og yfirvinna afleiðingar sjúkleikans og hjálpa einstaklingnum út í lífið aftur óháðum og eins sjálfbjarga og frekast er unnt.

Þjálfunin stefnir m. a. að því að gera sjúklinginn færari um, með sem allra minnstri hjálp annarra, að klæða sig, matast, fara í bað, fara á salerni, annast um heimili, komast um inni og úti, stunda vinnu eða tómstundaíðju við sitt hæfi o. fl. Iðjuþjálfun takmarkast ekki við notkun neinna ákveðinna athafna, svo sem t. d. handavinnu, heldur er athafnaferlinum beitt að hverju verkefni við sínar kringumstæður. Iðjuþjálfun getur m. ö. o. notað næstum hvaða athöfn sem vera skal sem meðferðartæki.

Skólar fyrir iðjuþjálfna eru óðum að rísa í flestum löndum heims. Aðsókn er víðast hvar geysilega mikil og hafa íslenskir nemendur oft orðið að bíða fleiri ár eftir að komast að í skólum nágrannalandsanna, en mest er leitað til Norðurlandanna og Kanada.

Áætlun hefur verið gerð um iðjuþjálfaskóla við Háskóla Íslands í tengslum við nám í sjúkraþjálfun.

Námið tekur víðast hvar 3 ár, sums staðar þó 4 ár og á einstaka stað aðeins 2 ár.

Iðjubjálfar læra:  
iðjubjálfunarfræði  
líkamsfræði  
lífeðlisfræði  
sálarfræði  
eðlis- og efnafræði  
atvinnuheilbrigðisfræði (ergonomi)  
félagsfræði

sjúkdómafræði:  
geðsjúkdómafræði  
taugasjúkdómafræði  
bæklunarlækningafræði  
lyflækningafræði  
skurðlækningafræði

athafnanám:  
tré- og málmsmíðar  
vefnaður  
tauprykk  
snæravinna  
tágavinna  
keramik  
leðurvinna  
kniplingar  
handavinna (prjón, hekl, útsaumur)  
fatasaumur  
verkstæðisvinna  
leikfimi  
tónlist (musikterapi)  
leikræn tjáning (dramatik)

*Athugasemdir við einstakar greinar.*

Um 1. gr.

Greinin er efnislega samhljóða tilsvarendi grein í lögum og reglugerðum, sem settar hafa verið undanfarin ár um starfsréttindi heilbrigðisstétta.

Um 2. gr.

Þegar frv. til laga um sjúkraþjálfun var til meðferðar á Alþingi 1975—1976, var 2. gr. frv. breytt í meðförum þings í það horf, sem hér er lagt til.

Um 3. gr.

Hér á hið sama við og um 2. gr. að breyting sú, er gerð var við umfjöllun Alþingis á frv. til laga um sjúkraþjálfun, er hér látin halda sér varðandi iðjubjálfun.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Greininni er ætlað að taka af öll tvímæli um, að hvers konar iðjubjálfastörf, sem unnin eru á heilbrigðisstofnunum, endurhæfingarstöðvum eða öðrum stofnunum hverju nafni sem nefnast, svo og í heimahúsum, falli undir ákvæði laga þessara.

Um 7. gr.

Ákvæði þessarar greinar er samhljóða 7. gr. laga um sjúkraþjálfun nr. 58/1976. Það var hins vegar nýmæli, þegar það var lögfest þar.

Verksvið þess starfsfólks, sem greinin fjallar um, yrði fyrst og fremst að flýta fyrir og létta undir störfum iðjuþjálfna en ávallt undir eftirliti og á ábyrgð hans.

Um 8.—13. gr.

Greinar þessar eru samhljóða ákvæðum laga 58/1976 um sjúkraþjálfun og þarfnast þær ekki skýringa.